

# LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 10. júní 2022.

Mál nr. 371/2021:

**A**

(Einar Þór Sverrisson lögmaður)

**gegn**

**B,**

**C og**

**D**

(Jón G. Briem lögmaður)

**Lykilorð**

Erfðaskrá. Gjöf.

**Útdráttur**

A höfðaði mál til riftunar á skjali frá 3. desember 2018 um ráðstöfun nánar tilgreindra málverka til erfingja skammlífari maka hennar, E, og krafðist þess að viðurkennt væri að málverkin teldust hluti óskipts bús þeirra A og E. Til vara krafðist A viðurkenningar á því að málverkin teldust til fyrirframgreidds arfs B, C og D, við arfskipti eftir báða arfláta. Í málinu lá fyrir að A og E höfðu gert með sér sameiginlega erfðaskrá 1. september 2016. Í dómi Landsréttar kom fram að af efni erfðaskrárinnar yrði ekki ráðið að hún hefði að geyma takmarkanir á heimild E til að ráðstafa eignum sínum í lifanda lífi eins og E gerði með fyrrnefndu skjali sem var undirritað af honum. Samkvæmt því væru hvorki efni til að verða við kröfum A um riftun þeirrar ráðstöfunar né heldur unnt að fallast á að um fyrirframgreiddan arf hafi verið að ræða af hálfu E. Var hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen.

**Málsmeðferð og dómkröfur aðila**

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 2. júní 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 11. maí 2021 í málinu nr. E-[...]/2019.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að skjali frá 3. desember 2018 með yfirskriftinni „Um ráðstöfun málverka minna“ til stefndu á eftirtöldum málverkum verði rift:
  - a. Botnsúlur eftir Gunnlaug Blöndal
  - b. Hekla eftir Jón Stefánsson
  - c. Hrafnabjörg eftir Þórarin B. Þorláksson

- d. Nýársnótt eftir Jóhannes Kjarval
- e. Ónefnd mynd (sólarlag) eftir Ásgrím Jónsson
- f. Andlitsmynd eftir Jóhannes Kjarval
- g. Mósaík 1963 eftir Jóhannes Kjarval og
- h. Ónefnt (sjómenn) eftir Svein Björnsson

Þess er jafnframt krafist að viðurkennt verði að málverkin teljist hluti óskipts bús áfrýjanda og skammlífari maka hennar, E, sem lést [...] 2019. Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að málverkin teljist til fyrirframgreidds arfs stefndu við arfskipti eftir báða arfláta. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar á báðum dómstigum.

- 3 Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Landsrétti.

#### **Niðurstaða**

- 4 Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Svo sem þar er rakið gerðu áfrýjandi og E heitinn sameiginlega erfðaskrá 1. september 2016 sem kom í stað eldri erfðaskrár frá 5. júní 1997. Efni erfðaskrárinnar er ítarlega rakið í hinum áfrýjaða dómi. Af efni hennar verður ekki ráðið að erfðaskráin hafi að geyma takmarkanir á heimild arfleiddanda til að ráðstafa eignum sínum í lifanda lífi eins og E heitinn gerði með fyrnefndu skjali sem var undirritað af honum 3. desember 2018. Samkvæmt þessu eru hvorki efni til að verða við kröfum áfrýjanda um riftun þeirrar ráðstöfunar sem um getur né heldur unnt að fallast á það með áfrýjanda að um fyrirframgreiddan arf hafi verið að ræða af hálfu E heitins.
- 5 Að framangreindu gættu og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.
- 6 Eftir þessum úrslitum málsins, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður áfrýjanda gert að greiða stefndu málskostnað fyrir Landsrétti eins og í dómsorði greinir.

#### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, A, greiði stefndu, B, C og D, hverju fyrir sig 200.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 11. maí 2021**

Mál þetta, sem dómtekið var 15. apríl sl., var höfðað 21. október 2019. Stefndandi er A, [...] Reykjavík. Stefndu eru B, [...], Garðabæ, C, [...], Reykjavík, og D, [...], Reykjavík.

Stefndandi krefst þess aðallega að skjali frá 3. desember 2018 sem ber yfirskriftina *Um ráðstöfun málverka minna* til stefndu á eftirtöldum málverkum:

1. Botnsúlur eftir Gunnlaug Blöndal

2. Hekla eftir Jón Stefánsson
3. Hrafnabjörg eftir Þórarin B. Þorláksson
4. Nýársnótt eftir Jóhannes Kjarval
5. Ónefnd mynd (sólarlag) eftir Ásgrím Jónsson
6. Andlitsmynd eftir Jóhannes Kjarval
7. Mósaík 1963 eftir Jóhannes Kjarval og
8. Ónefnt (sjómenn) eftir Svein Björnsson

verði rift og viðurkennt að málverkin teljist hluti óskipts bús stefnanda og skammlífari maka hennar, E, kt. [...], sem lést [...] 2019. Til vara er þess krafist að viðurkennt verði að málverkin teljist til fyrirframgreidds arfs stefndu við arfskipti eftir báða arfláta. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hennar hendi.

## I

### Málavextir

Stefnandi máls þessa situr í óskiptu búi, samkvæmt leyfi 11. mars 2019, eftir maka sinn E sem lést [...] 2019. Stefnandi og E gengu í hjónaband árið 1980. Þau áttu ekki barn saman. E hafði áður verið kvæntur F en hún lést árið 1977. E og F eignuðust þrjár dætur, stefndu, B, G og H sem lést árið 1968. G lést árið 2018 og eru stefndu, C og D, börn hennar.

Stefnandi og E gerðu sameiginlega erfðaskrá 1. september 2016 en þau höfðu áður gert erfðaskrá 5. júní 1997 og kom sú síðari í stað þeirrar fyrri. Í erfðaskránni eru taldir upp erfingjar A og niðjar E sem taka skulu arf eftir þau hjón. Er síðari erfðaskráin var gerð munu dætur E frá fyrra hjónabandi, stefnda B og G, þegar hafa fengið í sinn hlut rekstrareignir E, þ.m.t. [...]. Tekið var fram að ef skylduerfðahlutur dætra E eftir hans dag teldist minni miðað við heildararfshlut þeirra yrði þeim greiddur út mismunurinn innan árs frá andláti hans. Þá var einnig í hinni nýju erfðaskrá gerð grein fyrir því að tekið yrði tillit til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu sem tilteknir erfingjar höfðu þegar fengið sem fyrirfram greiddan arf. Þá höfðu orðið breytingar í erfingjahópnum.

Í 1. gr. erfðaskrárinnar er því lýst að það sé sameiginlegur vilji þeirra beggja að það þeirra sem lengur lifi fái heimild til setu í óskiptu búi til andláts síns. Þá segir í 2. gr. að dætur E frá fyrra hjónabandi, stefnda, B og G, hafi fengið í sinn hlut [...], bæði að [...], Reykjavík, sem sé [...], og að [...], Reykjavík, sem sé [...]. Teljist arfshlutur þessi hluti heildararfs. Þá segir í 2. mgr. að ef skylduerfðahlutur dætra E eftir hans dag telst minni, miðað við heildararfshlut, verði þeim greiddur mismunurinn innan árs frá andláti hans.

Í 3. gr. segir að eftir setu stefnanda í óskiptu búi og lát hennar sé það sameiginlegur vilji þeirra hjóna að ráðstafa eignum sínum til aðila sem eru svo nánar tilgreindir með upptalningu. Auk [...] skyldi eignum ráðstafað til barnabarna E og barnabarna systur stefnanda. Þar er svo nánar kveðið á um að tekið skuli tillit til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu sem tilteknir erfingjar hafi þegar fengið og teljist þeir fjármunir með í útreikningi arfshlutar viðkomandi.

Í 4. gr. var mælt fyrir um að ef stefnandi félli frá á undan væri það sameiginlegur vilji þeirra að 1/3 hluti af arfshlut hennar félli til þeirra erfingja sem tilgreindir væru í 3. gr. jafnframt því að hið langlífara

ráðstafaði með erfðaskránni eftir sinn dag 1/3 hluta af sínum eignum til þeirra erfingja sem tilgreindir væru í 3. gr.

Í málinu liggur fyrir skjal sem dagsett er 3. desember 2018 og ber yfirskriftina *Um ráðstöfun málverka minna*, undirritað af E, þar sem talin eru upp átta málverk með nánar tilgreindum hætti. Segir svo:

„Ég afsala nú ofangreindum málverkum mínum sameiginlega til dóttur minnar B annars vegar og til barna G, sem er látin, hins vegar.

B fái helming verkanna og börn G þau D og C fái hinn helminginn, samkvæmt samkomulagi þeirra þriggja.

Skilyrði er að málverkin fái að vera á heimili okkar A, eiginkonu minnar, þar til annað hvort gerist:

- skipt verði eftir andlát mitt án þess að A fái leyfi til setu í óskiptu búi eða
- skipt verði eftir andlát þess okkar sem lengur lifir ef fengið verður leyfi til setu í óskiptu búi.“

Í stefnu er um forsögu og tilurð þessa máls fyrir dóminum greint frá því að komið hafi í ljós eftir andlát E að skömmu áður hefðu verið gerðar ráðstafanir sem vörðuðu eignir hans og tilviljun ein hafi ráðið því að þessar ráðstafanir uppgötvuðust. Ein þessara ráðstafana hafi verið ráðstöfun á málverkum E til erfingja hans samkvæmt skjali frá 3. desember 2018 sem mál þetta lýtur að. Með skjalinu hafi E afsalað átta tilgreindum málverkum til stefndu. Skjalið sé ekki í erfðaskrárformi en fjalli um ráðstöfun hjúskapareignar E eftir hans dag. Markaðsvirði umræddra málverka sé 10.530.000 krónur samkvæmt mati I. Miðað við áætlaða stærð hins óskipta bús megi ætla að um sé að ræða ráðstöfun sem varði um það bil 10% af heildareignum búsins. Skjalið beri ekki með sér hvort afhending málverkanna til stefndu dragist frá arfshlut þeirra eða ekki. Stefnandi geri ekki athugasemdir við að málverkin fari til stefndu en telur að það verði að vera hafið yfir vafa að verðmæti þeirra verði lögð til grundvallar þegar komi að skiptum á hinu óskipta búi eftir hennar dag. Stefnandi hafi fyrst, eftir ítrekaða beiðni, fengið að sjá skjalið 21. júní 2019 en verið leynd efni þess fram að því.

Af hálfu stefnanda var þess farið á leit að stefndu lýstu því yfir að andvirði málverkanna yrði tekið inn í skiptin þegar kæmi til skipta á hinu óskipta búi en því var hafnað af hálfu stefndu. Með bréfi 8. ágúst 2019 var óskað skriflegrar staðfestingar á því að stefndu viðurkenndu að verðmæti málverkanna yrði metið til fjár við skipti á óskipta búinu og teldist til arfshluta þeirra. Slíkri staðfestingu var neitað í bréfi lögmanns stefndu 22. ágúst 2019 þar sem stefndu fyndist hvorki eðlilegt né viðeigandi að taka ákvörðun um málverkin fyrir en við væntanleg skipti.

Við þetta kveðst stefnandi ekki geta unað. Þar sem ekki hafi verið vilji til framangreinds teldist það til tómlætis að lögum að fara ekki fram á ógildingu afsalsins þegar tilurð þess hafi orðið ljós. Sé henni því nauðugur sá kostur að höfða mál þetta til riftunar á afsalinu og viðurkenningu á því að tilgreind málverk tilheyri hinu óskipta búi en til vara að um fyrirframgreiddan arf stefndu við arfskipti eftir báða arfláta sé að ræða.

## II

### Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir mál sitt í fyrsta lagi á því að með umræddri ráðstöfun á málverkum, sem gerð hafi verið með fullkominni leynd, hafi verið gerðar grundvallarbreytingar á sameiginlegri erfðaskrá stefnanda og E. E hafi aldrei rætt þessar ráðstafanir við stefnanda. Erfðaskráin frá því í ágúst 2016 sé alveg skýr þess efnis að hún sé sameiginleg og taki til allra eigna þeirra hjóna. Verði málverkunum haldið utan við skiptin, eins

og stefndu haldi fram, sé grundvöllur sameiginlegrar erfðaskrár brostinn. Sameiginlegri erfðaskrá sé ekki hægt að breyta eða fella hana úr gildi, hvort sem er í heild eða að hluta, nema hinn aðili hennar komi að því. Með erfðaskránni hafi heimild stefnanda og E til að ráðstafa eignum sínum verið takmörkuð. Að því leyti sé um marklausa ráðstöfun að ræða, sé það mat stefndu að málverkin tilheyri ekki hinu óskipta búi.

Í stefnu kemur fram að mikið fjárhagslegt jafnræði hafi verið með þeim hjónum. Við hjúskaparstofnun hafi stefnandi átt 81,5 fermetra íbúð að [...]. Fasteignamat þeirrar íbúðar sé nú 35.000.000 króna. Skömmu eftir að þau gengu í hjónaband hafi hún erft 50% hlut í 90 fermetra íbúð að [...]. Fasteignamat þeirrar íbúðar sé nú 44.050.000 krónur. Íbúðareign hins óskipta bús í dag sé 109,3 fermetra íbúð að [...] og sé fasteignamat hennar 49.650.000 krónur. Verðmæti fasteigna sem stefnandi hafi þannig lagt til búsins sé því umtalsvert meira en verðmæti íbúðareignar hins óskipta bús.

Þá kemur fram í stefnu stefnandi hafi vegna starfa sinn notið hárra eftirlauna og geri enn. E hafi verið ekkjumaður og þegar gert upp móðurarf við dætur sínar þegar hann og stefnandi giftust árið 1980. E hafi á þeim tíma átt atvinnurekstrareignir og fasteignir, sem síðar hafi verið ráðstafað til dætra hans og enginn ágreiningur er um. E hafi ekki átt aðild að lífeyrissjóði. Frá árinu 2012 hafi hann einungis notið lífeyris frá [...]. Aðrar tekjur hafi hann ekki haft, ef frá eru taldar vaxtatekjur af bankainnstæðum. Flestar eignir E hafi á hinn bóginn orðið verðlausar í kjölfar bankahrunsins í október 2008. Hafi þar verið um að ræða hlutabréf í [...], [...] og [...], eins og fram komi í gögnum málsins. Mestallt innbú, utan málverka, hafi verið eign stefnanda fyrir hjónaband.

Stefnandi bendir á að við gerð erfðaskrárinnar á árinu 2016 hafi E ekki nýtt sér heimild 2. mgr. 36. gr. erfðalaga nr. 8/1962 um að arfleifandi geti mælt svo fyrir í erfðaskrá að tiltekinn skylduerfingi hans skuli fá í sinn hlut ákveðna muni úr séreign hans eða hjúskapareign, enda fari verð þessara muna ekki fram úr skylduerfðahlut erfingjans að viðbættum þeim eignarhlut sem arfleifanda er heimilt að ráðstafa samkvæmt 35. gr. laganna. Að þarna hafi orðið einhver breyting á rétt fyrir andlát E, án þess að hann hafi rætt það við stefnanda, sé óskiljanlegt með öllu og standist ekki.

Í öðru lagi sé ekki hægt að fallast á að úr því álitamáli hvort málverkin muni reiknast frá stefndu við skipti á búinu verði leyst eftir fráfall stefnanda, eins og stefndu hafi haldið fram. Um rök fyrir því að málverkin tilheyri hinu óskipta búi sé vísað til grunnreglu 29. gr. erfðalaga þar sem segi að fái sameiginlegur skylduerfingi hjóna fé sem fyrirfram greiddan arf úr hjúskapareign annars eða beggja skuli sú greiðsla koma til frádráttar arfi hans eftir skammlífari makann. Stefnandi kveðst byggja á grunnreglu þessa ákvæðis, þótt ekki hafi verið um formlegan fyrirframgreiddan arf að ræða.

Í þriðja lagi sé byggt á því að stefnandi hafi leitt að því líkur, eða sannað, að málverkin séu ríflega tíu milljóna króna virði. Á síðustu skattskýrslu stefnanda og E komi fram að eignir þeirra í árslok 2018 hafi verið í kringum 100 milljónir. Því sé um að ræða ráðstöfun sem nemi u.þ.b. 10% af heildarandvirði eigna þeirra. Samkvæmt 48. gr. erfðalaga hefði E borið að gæta sömu reglna og við gerð erfðaskrár hefði hann, sem arfleifandi, viljað breyta einstökum ákvæðum erfðaskrárinnar eða auka við hana. Eins og erfðaskráin beri með sér fari ekki á milli mála að allt innbú þeirra hjóna hafi verið andlag erfðaskrárinnar. Miðað við sameiginlegt fjárfélag stefnanda og E, þá hugsun sem komi fram í hinni sameiginlegu erfðaskrá og að með henni hafi þau hjónin verið að ráðstafa öllum sínum eignum, standist það ekki að málverkin tilheyri ekki hinu óskipta búi eða að E hafi getað, með afsalsgerningi, ráðstafað þeim upp á eigin spýtur. Það hafi hvorki verið ætlun E né stefnanda við gerð hinnar sameiginlegu erfðaskrár að stórum hluta eigna E yrði ráðstafað í lifanda lífi, en að hjúskapareignir stefnanda kæmu til jafnra skipta milli erfingja E og stefnanda. Beri þegar, og af þeirri ástæðu, að taka kröfur stefnanda til greina.

Stefnandi bendir á að af yfirlýsingu E verði ekki ráðið hvort, eða þá hvernig, hafi staðið til að verðmæti málverkanna yrði gert upp við skipti að stefnanda látinni. Af viðbrögðum erfingja, sem neiti að undirrita einfalda yfirlýsingu þess efnis að þeir viðurkenni að verðmæti málverkanna komi til skipta, verði að álykta að þeir telji þau ekki vera eign búsins. Stefnandi hafi lögvarða hagsmuni að því að fá úr því skorið fyrir dómi og hafnar sjónarmiðum stefndu um annað.

Aðild stefnanda að þessu máli sé byggð á því að hún sé annar aðili hinnar gagnkvæmu erfðaskrár. Það séu lögvarðir hagsmunir hennar að fá úr því skorið hvort skjalið, og efni þess, standist og hafi með einhverjum hætti gert það að verkum að tilgreind málverk tilheyri ekki hinu óskipta búi. Samkvæmt 11. gr. erfðalaga nr. 8/1962 teljist til óskipts bús hjúskapareignir beggja hjóna. Milli stefnanda og E hafi ekki verið séreignafyrirkomulag. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. teljist hjúskapareignir beggja hjóna til óskipts bús. Samkvæmt 12. gr. laganna hafi maki, sem sitji í óskiptu búi, í lifanda lífi eignarráð á fjármunum búsins. Stefnandi hafi því lögvarða hagsmuni af því að verja hagsmuni hins óskipta bús. Þá sé á því byggt að vafa um hvernig verðmæti málverkanna verði gert upp við skipti að stefnanda látinni beri að skýra í samræmi við efni hinnar sameiginlegu erfðaskrár. Gerður sé áskilnaður um að hin sameiginlega erfðaskrá sé óskuldbindandi fyrir stefnanda fari svo að málverkin teljist ekki tilheyrja hinu óskipta búi.

Verði aðalkrafan ekki tekin til greina sé krafist viðurkenningar á því að málverkin teljist til fyrirframgreidds arfs stefndu við arfskipti eftir báða arfláta. Í þeirri kröfu felist að hinni sameiginlegu erfðaskrá verði þá ekki raskað, sem væri staðan ef aðalkrafan yrði ekki tekin til greina. Stefnandi byggir á því að slík viðurkenningarkrafa verði sett fram, þó búið hafi ekki enn verið tekið til skipta og vísast til þess sem áður hefur verið sagt um lögvarða hagsmuni stefnanda af því að fá dóm um málið.

Stefnandi kveður samaðild stefndu vera byggða á 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 en stefndu séu öll réttahafar samkvæmt því skjali sem krafist sé riftunar á og dómsmálið lúti að.

Stefnandi byggir kröfu sína á almennum reglum erfðaréttar um óskipt búi, sbr. ákvæði laga nr. 8/1962, grunnreglum um ráðstöfun með erfðaskrá og því að sameiginlegri erfðaskrá verði ekki breytt nema báðir aðilar hennar komi að því. Um heimild til að sækja mál þetta gegn öllum stefndu er vísað til 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 og um málskostnaðarkröfu til 130. gr. sömu laga.

### III

#### Málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu hafna sjónarmiðum stefnanda í málinu og krefjast sýknu af bæði aðal- og varakröfu.

Í greinargerð stefndu kemur fram að E og fyrri kona hans F hafi búið á [...] í Reykjavík og hafi þau málverk, sem deilt sé um í málinu, prýtt heimili þeirra þar. Við upphaf hjúskapar E og stefnanda hafi hann átt miklar eignir sem hann hafi ávaxtað vel. Hann hafi einnig rekið stöndugt fyrirtæki í Reykjavík sem hafi gefið góðan arð. Hann hafi verið óniskur á eignir sínar og tekjur, stutt ýmis góðgerðarverkefni og ekki sparað útgjöld til reksturs heimilis þeirra eða ferðalaga. Hann hafi verið sterkefnaður maður og komið með umtalsverðar eignir inn í hjúskap þeirra stefnanda, ólíkt því sem haldið sé fram í stefnu.

Aðalkrafa stefnanda sé að umræddri málverkagjöf verði rift og viðurkennt að málverkin teljist hluti óskipts bús stefnanda og skammlífarí maka hennar, E. Stefndu taka fram að þegar E hafi gefið þeim málverkin hafi hann verið fluttur af heimili hans og stefnanda og á sjúkradeild [...] þar sem hann hafi búið í sérherbergi. Stefnandi hafi áfram búið í íbúð þeirra hjóna, sem sé í íbúðarblokk [...]. E hafi sett eitt skilyrði um meðferð gjafarinnar, að málverkin fengju að vera á heimili þeirra þangað til skipt yrði eftir andlát stefnanda. Málverkin séu þar enn og þetta skilyrði sé því uppfyllt.

Stefndu byggja á því að E hafi haft ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum í lifanda lífi og mátt gefa þær. Því sé mótmælt sem röngu að umrætt skjal fjalli um ráðstöfun hjúskapareignar E eftir hans dag eins og stefnandi haldi fram. Þetta hafi verið endanleg ráðstöfun í lifanda lífi. Teljist hún því lífsgjöf en ekki dánargjöf samkvæmt 54. grein erfðalaga. Afsal sé endanlegur gjörningur eins og skjalið beri með sér. Verðmæti þessarar gjafar hafi ekki verið mikið í hlutfalli við eignir þeirra hjóna, ef taka má mark á mati I sem liggja fyrir í málinu.

Stefndu krefjast sýknu af aðalkröfunni enda hafi stefnandi ekki fært fullnægjandi rök fyrir því að heimilt sé að rifta gjöfinni.

Varakrafa stefnanda sé að viðurkennt verði að málverkin skuli teljast til fyrirfram greidds arfs við arfskipti eftir báða arfláta. Efnislega mótmæli stefndu þessari kröfu þar sem um eðlilega gjöf hafi verið að ræða frá föður og afa til dóttur og barnabarna. Ekki hafi staðið til af hálfu þessara aðila að gjöfin yrði metin sem fyrirfram greiddur arfur. Krafa stefnanda um að gjöfin verði þrátt fyrir það metin sem fyrirfram greiddur arfur eigi sér ekki lagastoð.

Stefndu taka fram að E hafði á árum áður greitt dætrum sínum, B og F, fyrirfram arf og þá hafi verið gengið frá því formlega með erfðafjárskýrslu og greiðslu erfðafjárskatts. Það að hann hafi ekki gert það núna styðji að hann hafi aðeins hugsað þetta sem gjöf en ekki fyrirframgreiðslu arfs.

Stefndu benda á að stefnandi geti ekki verið aðili að kröfu af þessu tagi, aðeins erfingjar. Í lögum nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl., svo sem í 90. gr., séu ákvæði um meðferð ágreinings milli erfingja við einkaskipti. Stefndu telja að þegar þar að komi beri að fara eftir því ákvæði um aðferðina við að leysa úr þessum ágreiningi. Þessi afstaða komi fram í bréfi lögmanns stefndu, fyrir þeirra hönd, 22. ágúst 2019: „Umbj. mínum finnst hvorki eðlilegt né viðeigandi að taka ákvörðun um málverkin fyrir en við væntanleg skipti.“

Hvað varði málatilbúnað stefnanda að öðru leyti taka stefndu fram að því sé mótmælt að með gjöfinni séu gerðar grundvallarbreytingar á erfðaskrá stefnanda og E. Það sé engin formleg breyting gerð á henni með gjöfinni og í erfðaskránni sjálfri séu engin fyrirheit né loforð um að tiltekna eignir verði til þegar dánarbúi þeirra verði skipt. Ekki sé heldur krafist breytingar eða riftunar á erfðaskránni í málinu.

Stefnandi vísi til grunnreglu 29. gr. laga nr. 8/1962 til stuðnings þeirri kröfu að skoða beri gjöfina sem fyrirfram greiddan arf. Í málinu hátti þó þannig til að stefndu séu ekki sameiginlegir skylduerfingjar stefnanda og E eins og skilyrt sé í lagagreininni. Þau hafi ekki gert samkomulag við E um að við móttöku gjafarinnar myndu þau fallast á, að hún teldist fyrirfram greiddur arfur þegar kæmi að skiptum. Því sé mótmælt að þessi „grunnregla“ lagagreinarinnar eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu að um fyrirframgreiddan arf sé að ræða.

Um aðild stefnanda segi í stefnu að hún byggist á því að hún sé annar aðili hinnar gagnkvæmu erfðaskrár. Stefnandi geri þó ekki neinar kröfur í málinu um breytingu á erfðaskránni eða niðurfellingu hennar. Stefndu mótmæla því að aðild á þessum grunni heimili aðild að þeirri kröfugerð sem fram komi í stefnu.

Það sé meginregla í réttarhari að stefnanda beri að sanna kröfur sínar og rökstyðja nægjanlega. Það hafi ekki tekist að mati stefndu. Um málskostnað vísa stefndu til 130. gr. laga nr. 91/1991.

#### IV

##### Niðurstaða.

Mál þetta er rekið samkvæmt ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefndu hafa m.a. á því byggt að mál þetta eigi ekki undir dóminn heldur geti álitæfni vegna skjalsins aðeins risið við endanleg skipti á hinu óskipta búi eftir lát stefnanda og þá samkvæmt lögum nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. Á þetta getur dómurinn ekki fallist. Rétt er að efni umrædds skjals lýtur að ráðstöfunum er koma eiga endanlega til framkvæmda eftir lát stefnanda, þ.e. hvað varðar afhendingu. Á hinn bóginn verður að telja, að stefnandi, sem situr í óskiptu búi, hafi af því lögvarða hagsmuni að fá skorið úr kröfum sínum fyrir dóminum og forræði á því að reka mál þetta fyrir dóminum í því skyni. Verður því að líta svo á að málið sé réttilega rekið fyrir dóminum af stefnanda þótt það álitæfni sem það snýst um hefði þó einnig getað komið til kasta dómsins undir skiptum á grundvelli laga nr. 20/1991. Það útilokar þó ekki málshöfðun

stefnanda á þessu stigi. Málið er því réttilega lagt fyrir dóminn og stefnandi réttur aðili máls þessa og stefndu réttir aðilar til varnar.

Í málinu krefst stefnandi aðallega riftunar hinnar umdeildu ráðstöfunar en til vara að litið verði svo á að um fyrirfram greiddan arf sé að ræða.

Fyrir liggur að E og stefnandi gerðu sameiginlega erfðaskrá 1. september 2016 og hefur efni hennar verið ítarlega lýst. Erfðaskráin ber ekki með sér að um séreignafyrirkomulag hafi verið að ræða milli þeirra þar sem mælt var fyrir um ráðstöfun allra eigna þeirra hjóna eftir þeirra dag. Þá liggur fyrir að E og stefnandi gerðu ekki með sér kaupmála.

Með undirritun skjals 3. desember 2018, sem er hinn umdeildi gerningur sem krafist er riftunar á, afsalaði E til dóttur sinnar, stefndu B, og barna dóttur sinnar G sem þá var látin, stefndu C og D, nánar tilteknum málverkum. Mælti hann svo fyrir að málverkin kæmu til jafnra skipta milli stefndu B og barna G. Þá var ráðstöfunin bundin því skilyrði að málverkin yrðu hjá eiginkonu hans, stefnanda máls þessa, þar til skipt yrði eftir andlát hennar. Önnur fyrirmæli eru ekki sett fram í skjalinu og þá var ekki mælt fyrir um hvaða réttaráhrif afsalið hefði við endanleg skipti á búi þeirra hjóna.

Stefnandi byggir á því að með hinni umdeildu ráðstöfun hafi E gert grundvallarbreytingu á sameiginlegri erfðaskrá þeirra hjóna. Yrði málverkunum haldið utan við skiptin, þegar að þeim kæmi, væri grundvöllur erfðaskrárinnar brostinn. Stefnandi byggir einnig á því að þar sem E hafi ekki nýtt sér heimild 2. mgr. 36. gr. erfðalaga og mælt fyrir um að tiltekinn skylduerfingi fengi í sinn hlut ákveðna muni úr séreign hans eða hjúskapareign, samkvæmt nánari fyrirmælum ákvæðisins, verði að telja að málverkin tilheyri hinu óskipta búi. Með gerningnum hafi um 10% af heildarandvirði eigna E og stefnanda verið ráðstafað. Byggir stefnandi á því að samkvæmt 48. gr. erfðalaga nr. 8/1962 hafi E borið að gæta sömu reglna og við gerð erfðaskrár hefði hann, sem arfleifandi, viljað breyta einstökum ákvæðum erfðaskrárinnar eða auka við hana. Það hafi hann ekki gert. Þá hafnar stefnandi sjónarmiðum stefndu um að líta verði svo á að um gjöf E í lifanda lífi hafi verið að ræða. Þvert á móti hafi verið um dánargjöf að ræða en en um slíkar gjafir gildi formreglur erfðalaga sem E hafi ekki farið að.

Afstaða stefndu er sú að faðir þeirra hafi í lifanda lífi haft forræði á eignum sínum og verið frjáls og honum heimilt að ráðstafa þeim eins og hann kaus. Um lífsgjöf hafi verið að ræða. Þá sé ekki unnt að líta svo á að með gerð sameiginlegrar erfðaskrár hafi hann takmarkað ráðstöfunarrétt yfir eignum sínum í lifanda lífi. Umrædd ráðstöfun málverkanna til þeirra eigi ekki að hafa áhrif á arfshlut þeirra við endanleg skipti á búi þeirra hjóna. Þá hafna stefndu því að unnt sé að líta svo á að um fyrirfram greiddan arf sé að ræða.

Með hinum umdeilda gerningi afsalaði E umræddum málverkum til dóttur sinnar B og barna G dóttur sinnar. Skjalið sjálft er þó þögult um réttaráhrif þeirrar ráðstöfunar sem í því fólst. Samkvæmt orðalagi skjalsins fól það í sér eignayfirfærslu til framangreindra aðila þá þegar er það var gert. Afsalið fól því í sér endanlega ráðstöfun eignarréttar að verkunum til handa stefndu. Eina skilyrðið var að verkin yrðu á heimili stefnanda þar til skipt yrði eftir andlát hennar og kæmi því ekki til afhendingar verkanna fyrir en að henni látinni. Ekki er þó unnt að líta svo á að það hafi haft áhrif á eignatilkall dætranna til verkanna og fól skjalið því þegar við undirritun í sér formlega yfirfærslu eignarréttar til þeirra og gjöfin þá þegar efnd af gefanda. Líta verður svo á ráðstöfunin hafi því falið í sér gjöf í lifanda lífi, verið lífsgjöf, sem E hafi verið heimilt að ráðstafa með þeim hætti sem hann gerði með umræddum gerningi.

Dómurinn tekur fram að þrátt fyrir að stefnandi og E hafi gert með sér sameiginlega erfðaskrá og með þeim hafi ekki verið séreignafyrirkomulag eða kaupmáli á milli þeirra er ekki unnt að líta svo á að með því hafi E takmarkað svo ráðstöfunarrétt eigna sinna að honum hafi verið óheimilt að gefa þær eins og hann sjálfur kaus og gerði með þeirri ráðstöfun sem hér er deilt um. Er til þess að líta að engin slík áform um takmarkanir eru orðuð í erfðaskránni sjálfri og þá standa lög ekki til þess að unnt sé að líta svo á að ráðstöfunarréttur E yfir eignum sínum hafi verið takmarkaður með þessum hætti. Verður þegar af

þeirri ástæðu að hafna aðalkröfu stefnanda um riftun á umræddri ráðstöfun frá 3. desember 2018. Tekur dómurinn fram að ekki getur haft áhrif á þessa niðurstöðu þótt E hafi ekki kosið að nýta sér heimild 2. mgr. 36. gr. erfðalaga eða að hann hefði þurft að mæla fyrir um þess ráðstöfun með breytingu á erfðaskránni, sbr. 1. mgr. 48. gr. erfðalaga. Verður að taka undir þau sjónarmið stefndu að í hinni sameiginlegu erfðaskrá sé ekki fjallað um ráðstöfun hjúskapareignar E eftir hans dag og að í gjöfinni felist því ekki nein formleg breyting á erfðaskránni.

Hvað varakröfu stefnanda varðar tekur dómurinn fram að litið hefur verið svo á að fyrirframgreiddur arfur feli í sér samning milli arfleiddanda og arfþega, um að yfirfæra verðmæti frá arfleiddandanum til arfþegans á grundvelli erfðaréttar. Ekki nægir einhliða yfirlýsing arfleiddandans eða arfþegans. Stefnandi hefur vísað til grunnreglu 29. gr. erfðalaga en með ákvæðinu eru lögfestar reglur um hvernig meta skuli arf sem greiddur hefur verið fyrirfram þegar búshlutar hjóna eru ákvarðaðir. Að mati dómsins fær sú niðurstaða að sú ráðstöfun sem deilt er um í þessu máli verði talin hafa falið í sér fyrirfram greiddan arf ekki stoð í ákvæðinu, jafnvel þótt litið væri svo á að ekki sé þar með tæmandi hætti talið upp hverjir geti verið arfþegar að fyrirframgreiddum arfi en í ákvæðinu er talað um sameiginlega skylduerfingja. Er ekkert það fram komið sem styður að það hafi verið vilji E eða gjafþeganna eða að slíkt samkomulag milli þeirra hafi verið fyrir hendi og þá var ekki mælt fyrir um það í erfðaskránni. Standa því ekki skilyrði til þess að líta svo á að um fyrirfram greiddan arf sé að ræða. Verður því einnig að hafna varakröfu stefnanda.

Í samræmi við framangreint er sjónarmiðum stefnanda í málinu hafnað og verða stefndu því sýknuð af kröfum hennar, bæði aðal- og varakröfu. Þrátt fyrir þá niðurstöðu telur dómurinn rétt að aðilar beri sjálfir kostnað sinn af málinu og verður málskostnaður milli aðila því felldur niður.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 12. febrúar 2020.

#### **Dómsorð:**

Stefndu, B, C og D, eru sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.